



Hreppsnefnd 07.67.05

Hreppsnefndarfundur haldinn þriðjudaginn 7. júní 2005 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði. Á fundinn voru mættir Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Bragi Vagnsson, Emil Sigurjónsson, Ellert Árnason og Björn Halldórsson

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 12. maí sl. sl.

Fundargerð hreppsnefndar frá 12. maí sl. lögð fram.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð Arnarvatns frá 3. júní sl.

Fundargerð stjórnar Arnarvatns frá 3. júní sl., lögð fram.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir fundargerðinni. Allmiklar umræður urðu um fundargerðina. Fjallað var um rekstur kaffihúss í Kaupvangi og böll og skemmtanahald í félagsheimilinu Miklagarði. Tillaga kom fram um að gera samkomulag við nýjan rekstraraðila hótelsins um rekstur kaffihúss og upplýsingamiðstöðvar í Kaupvangi og jafnframt yrðu skoðaðir möguleikar á því að semja við hann um einstaka stórdansleiki í Miklagarði, þar sem hann tæki húsið á leigu ásamt bar. Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að unnið yrði á þessum grunni að gerð samkomulags um þessi atriði.

Samkomulagsdrög yrðu síðan lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar samþykktar.

Hreppsnefnd samþykkti síðan fundargerðina að öðru leyti samhljóða.

3. mál. Fundargerð byggingar –og skipulagsnefndar frá 27. maí sl.

Fundargerð byggingar og skipulagsnefndar frá 27. maí sl., lögð fram.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. mál Fundargerð Félagsmálanefndar frá 24. maí sl.

Fundargerð félagsmálanefndar frá 24. maí sl. lögð fram.

5. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 24. maí sl.

Fundargerð hafnarnefndar frá 24. maí sl., lögð fram. Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 4. tl. fundargerðarinnar og gerði grein fyrir nýrri reglugerð fyrir höfnina. Jafnframt gerði hann grein fyrir 5. tl fundargerðarinnar og lagði fram bréf til HB Granda frá 29. maí sl.

Töluverðar umræður urðu um gjaldskrármál og fyrirhugaða uppbyggingu HB Granda á Vopnafirði.

Hreppsnefnd fer þess á leit við hafnarnefnd að gjaldskrá hafnarinnar verði í sem næst í samræmi við gjaldskrár stærri hafnanna.

Hreppsnefnd samþykkti síðan fundargerðina í heild sinni samhljóða.

6. mál. Fundargerð stjórnar Brunavarna Norðaustursvæðis frá 1. júní sl.

Lögð fram fundargerð stjórnar Brunavarna Norðaustursvæðis frá 1. júní sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. mál. Fundargerð samstarfsnefndar Skeggjastaðahrepps og Vopnafjarðahrepps, vegna kosninga um sameiningu sveitarfélaganna frá 10. maí sl.

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Skeggjastaðahrepps og Vopnafjarðahrepps frá 10. maí sl. Jafnframt lagt fram bréf til Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga dags. 6. júní sl., þar sem sótt er um styrk til undirbúningsvinnu vegna fyrirhugaðrar sameiningarkosningar sem fram á að fara 8. október 2005.

8. mál Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps og stofnana fyrir árið 2004.

-Fyrri umræða- Ársreikningum verður dreift á fundinum.

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A-og B hluta sjóða sveitarfélagsins lagður fram til fyrri umræðu. Sveitarstjóri gerði grein fyrir ársreikningunum og lagði síðan til að Ársreikningunum yrði vísað til síðari umræðu, sem verður að hálfum mánuði liðnum.

Oddviti óskaði eftir því að 9. tl. fundargerðar yrði færður aftast á dagskrá fundarins og var það samþykkt samhljóða.

10. mál. Bréf Óbyggðanefndar dags. 23. maí sl., varðandi kynningu á kröfum.

Lagt fram bréf Óbyggðanefndar frá 23. maí sl., varðandi Þjóðlendumál á Norðausturlandi. Í bréfinu eru kynntar kröfur þeirra sem telja til eignarréttinda á sama svæði og íslenska ríkið hefur gert þjóðlendukröfu til. Kröfurnar munu liggja frammi á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps ásamt þeim gögnum sem borist hafa varðandi kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Hreppnefnd samþykkir að vísa kröfunum til umfjöllunar í landbúnaðarnefnd.

11. mál. Bréf Kvenfélagsins Lindarinnar dags. 24. maí sl., þar sem óskað er eftir styrk til framkvæmda við Staðarholt.

Lagt fram bréf frá kvenfélaginu Lindinni, þar sem óskað er eftir styrk annað hvort í formi vinnuframlags eða fjáframlags til lokaáfangna í endurbyggingu Staðarholts, Vopnafirði.

Svofelld tillaga var síðan lögð fram:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að styrkja Kvenfélagið Lindina um kr. 200 þús. kr. til verkefnisins.”

Tillagan samþykkt samhljóða.

12. mál. Bréf Markaðsskrifstofu Austurlands, móttakið 1. júní sl., varðandi nýjan þjónustusamning.

Lagt fram bréf Markaðsskrifstofu Austurlands, móttakið 1. júní sl., varðandi nýjan þjónustusamning milli Vopnafjarðarhrepps og Markaðsskrifstofunnar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir samningnum og lagði síðan fram svofellda tillögu:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir fyrirliggjandi drög að þjónustusamningi við Markaðsskrifstofu Austurlands, enda verði samið við önnur aðildarsveitarfélög Markaðsskrifstofunnar með sambærilegum hætti.

Sveitarstjóra falið að ganga frá undirskrift samningsins.”

Tillagan samþykkt samhljóða

13. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf Skólaskrifstofu Austurlands dags. 18. maí sl., sem er svar við bréfi Vopnafjarðarhrepps frá 6. maí sl.

Oddviti gerði grein fyrir fundi sem hann ásamt sveitarstjóra og formanni skólanefndar átti með fulltrúum Skólaskrifstofunnar.

b) Bréf Skeggjastaðahrepps frá 31. maí sl. varðandi barnaverndarmál.

Lagt fram til kynningar

c) Fundargerð fundar frá 3. maí sl. um fjallskil á Hólsfjöllum.

Lagt fram til kynningar.

Tekinn fyrir 9. tl. fundargerðarinnar sem frestað var fyrr á fundinum.

9. mál Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2004-2024. Fulltrúar Teikn á lofti koma á fundinn. Kynningarfundur um kvöldið.

Halldór Jóhannsson og Pétur Bolli Jóhannesson frá Teikn á lofti mættu á fundinn. Gerðu þeir grein fyrir vinnu sinni að aðalskipulagi fyrir Vopnafjarðarhrepp sem gilda á fyrir árin 2004-2024. Töluverðar umræður urðu um fyrirliggjandi tillögu að Aðalskipulagi. Almennur kynningarfundur verður um skipulagið kl. 20.00 í kvöld. Í framhaldi verður skipulagstillagan send til umsagnar hjá þar til gerðum aðilum.

Fleira ekki gert og fundi slitið